



**Staðlar
handa
birgjum**



Alcoa Corporation (“Alcoa”) er þekkt sem eitt af siðferðislega ábyrgustu og sjálfbærustu fyrirtækjum heims. Einn þáttur í áframhaldandi áherslu Alcoa á sjálfbær og siðferðilega rétt viðskipti felst í að vinna í samstarfi við birgja okkar, verktaka og aðra sem við stundum viðskipti við (sama kallað „birgjar“) til að tryggja að siðferðislegum meginreglum sé framfylgt.

Jafnvel þó að við sem meðvitaðir um, að birgjar okkar starfa í margbreytilegu laga- og menningarumhverfi, teljum við að þessar meginreglur séu í fullu gildi úti um allan heim. Við höfum þróað þessa staðla fyrir birgja okkar til að ná utan um þessar meginreglur til að birgjar okkar geti fengið skýrar leiðbeiningar um kröfur okkar að þessu leyti.

Alcoa þróaði þessa staðla handa birgjum í samræmi við þrjú megin gildi:



GILDI OKKAR

Starfa skal af heilindum

Starfa skal á

framúrskarandi hátt

Við berum umhyggju

fyrir fólki

Við ætlumst til og treystum því, að birgjar okkar (og undirverktakar þeirra) starfi samkvæmt þessum gildum og verklagsreglum sem eiga við og eru hluti af stöðlum Alcoa handa birgjum.

Þessi gildi eru grundvöllur siðareglna Alcoa sem eru aðgengilegar á slóðinni: <https://www.alcoa.com/global/en/who-we-are/ethics-compliance/code-conduct>

Forsíðumynd: Wagerup Refinery, Ástralía

STARFA SKAL AF HEILINDUM

Birgjar okkar stunda viðskipti sín siðferðislega rétt og af heilindum.

Þetta felur í sér eftirfarandi:

- Að virða reglur sveitarfélagsins, landslög og alþjóðalög, þ.m.t. gildandi staðla og viðmið, lög, reglur og reglugerðir eins og þær sem snúa að umhverfi, mannlegum samskiptum, mannréttindum, heilsu og öryggi manna og gegn hringamyndun fyrirtækja.
- Að stunda viðskipti í samræmi við Alríkislög BNA - United States Foreign Corrupt Practices Act og í samræmi við öll önnur lög, reglugerðir og alþjóðasamninga sem eiga við gegn spillingu.
- Að tryggja að hágæða hráefni og þjónusta sé veitt á réttum tíma og í samræmi við tilgreindar forskriftir Alcoa.
- Að tryggja að öryggi á netinu, gagnavernd og vernd persónugagna sé stýrt í samræmi við bestu verklagsreglur iðngreinarinnar.
- Að safna samkeppnisupplýsingum á löglegan hátt og deila ekki trúnaðarupplýsingum í eigu annarra án skriflegs leyfis.
- Að starfa bæði siðferðislega rétt og á ábyrgan hátt m.a. en ekki einungis, varðandi fylgni við lög, reglur og reglugerðir, gegn spillingu og mútum.
- Að stunda viðskipti með áherslu á hágmarksgagnsæi í samræmi við góða stjórnun og trúnað í viðskiptum.
- Að skilja og bera virðingu fyrir skuldbindingum og skyldum Alcoa og starfsmanna þess um að starfa samkvæmt stefnu Alcoa gegn spillingu, þ.m.t. varðandi ákvæði um gestrisni og gjafir eins og sjá má útgefið á slóðinni: <https://www.alcoa.com/global/en/who-we-are/ethics-compliance/anti-corruption>
- Að birta aðfangakeðju á opinn og gagnsæjan hátt frá frumvinnslu hráefnis til framleiðslu Alcoa í samræmi við gildandi lög og reglugerðir þ.m.t. reglur í BNA - Securities and Exchange Commission conflict minerals rule - sem framfylgir Alríkislögum BNA - Dodd-Frank Act.
- Að veita sannar og nákvæmar upplýsingar um vörur, þjónustu og verð.
- Að viðhalda sanngjörnum viðskiptakröfum varðandi auglýsingar, sölu og samkeppni.



Alumar, Brasília

STARFA SKAL Á FRAMÚRSKARANDI HÁTT

Birgjar okkar stefna að því að ná sífelldu betri árangri og verða framúrskarandi. Á sama tíma gera þeir ekki málamiðlanir varðandi siðferði, öryggi eða lagalegar skyldur sínar í ágóðaskyni.

Þetta felur í sér eftirfarandi:

- Að viðhalda sterku eftirliti með fjármálum og birta opinberlega þar sem við á, niðurstöður og árangur í fjármálum.
- Að fara eftir stöðlum United States Sarbanes-Oxley Act (SOX) eða öðrum sambærilegum stöðlum varðandi birtingu á fjármálaupplýsingum.
- Að ganga frá fjármálauppgjöri í samræmi við almennt viðurkennda staðla bókhalds og endurskoðunar.
- Að viðhalda viðeigandi og nákvæmum gögnum um alla viðskiptagjöfninga og færslur í samræmi við gildandi varðveislustefnur og fyrningarlög.
- Að láta Alcoa fljótt vita um brot á innanhússreglum eða um frávik í virðiskenndu eða um aðra þróun sem kann að hafa áhrif á getu birgjis til framfylgja skyldum sínum og skila af sér á réttum tíma.
- Að virða alla gilda samninga og allt samkomulag sem er í gildi.
- Að láta Alcoa fljótt vita um atriði sem geta haft áhrif á getu aðila til að framfylgja skyldum sínum, að rannsaka slík mál að rötum sínum og framkvæma viðeigandi úrbætur.
- Að láta þá sem starfa við að tryggja reglufylgni fá allar viðeigandi upplýsingar sem þeir biðja um.



Áltein, Fjarðaál, Ísland

STARFA SKAL Á FRAMÚRSKARANDI HÁTT

Birgjar okkar starfa á umhverfislega ábyrgan og skilvirkan hátt til að lágmarka neikvæð áhrif á umhverfið.

Þetta felur í sér eftirfarandi:

- Að fara eftir öllum gildandi lögum, reglugerðum og reglum stjórnvalda sem snúa að umhverfinu, þ.m.t. um meðhöndlun úrgangs frá starfsemi fyrirtækisins.
- Að velja orkusparneytin ferli og vörur þar sem það er hægt.
- Að nýta tiltæk kerfi til að minnka eða eyða úrgangi af hvaða tegund sem er þ.m.t. gegnum sparsemi og endurvinnslu, endurnotkun eða með því að skipta út efnunum.
- Að hvetja til samfélagslegra athafna sem hjálpa til við að hlúa að félagslegri og efnahagslegri framþróun og til að styðja við sjálfbærni þeirra samfélaga þar sem birgjar eru starfandi.
- Að skuldbinda sig til að viðhalda öruggu og heilbrigðu starfsumhverfi á vinnustað fyrir alla starfsmenn þ.m.t. vinnustað sem er örugglega án eituryfja og vopna.
- Að taka virkan þátt í stýringu umhverfisáættu, bera kennsl á alla hættu, meta þá áhættu sem hætta kann að skapa og innleiða úrlausnir.

Birgjar okkar starfa með okkur til að búa til skilvirkari ferli, þróa nýja tækni, koma fram með hugmyndir og vörur.

Þetta felur í sér eftirfarandi:

- Að stuðla að nýjungum sem bæta öryggi, framleiðni og/eða stuðla að sjálfbærni.



Alhleifar, Portland, Ástralíu

VIÐ BERUM UMHYGGJU FYRIR FÓLKI

Birgjar okkar viðhalda mannréttindum allra einstaklinga sem eru tengdir starfsemi þeirra í nærsamfélaginu og meðal starfsmanna.

Þetta felur í sér eftirfarandi:

- Að taka ekki þátt í mannsali, notkun á barnaprælkun eða nauðungarvinnu t.d. fangavinnu, þvingaðri vinnu, skuldafangelsisvinnu eða annarri vinnu sem einkennist af þrældómi og undirgefni.
- Að virða mannlega reisn og réttindi starfsmanna, einstaklinga og réttindi þeirra samfélaga sem tengjast starfsemi.
- Að útbúa yfirlýsingu um jafnan rétt til atvinnu eða siðareglur sem heimila ekki mismunun á grundvelli kynþáttar, húðlitar, trúar, þjóðernisuppruna, fötlunar, kynhneigðar, kynvitundar/-tjáningar, erfða, stöðu í hernum, kyns eða aldurs (innan lagalegra takmarkana).
- Að skapa öruggan vinnustað í samræmi við gildandi lög og stefnu Alcoa um umhverfi heilsu og öryggi.
- Að viðurkenna og virða fjölbreytileika, menningu, hefðir og gildi frumbyggja eða þeirrar þjóðar sem tengist landinu þar sem fyrirtækið starfar.
- Að viðurkenna og virða frelsi starfsmanna til að ganga í eða ganga ekki í lagalega viðurkennd félög eða samtök.
- Að tryggja að laun starfsmanna séu hærri en lögbundið lágmark og uppfylli á allan hátt gildandi lög í hverju landi fyrir sig.
- Að banna allar líkamlegar refsingar, áreiti, mismunun eða ofbeldi gagnvart umsækjendum um starf, eða gagnvart starfsmönnum.
- Að vinna með Alcoa til að skapa vinnustaði sem endurspeglar fjölbreytileika samfélaganna þar sem fyrirtækið starfar.



Graduates, Willowdale Ástralía

Verkefni um sjálfbærni handa birgjum

Verkefni um sjálfbærni handa birgjum var þróað til að stuðla að framfylgni gilda Alcoa í aðfangakeðju okkar, skapa áreiðanleika og til að starfa með birgjum okkar til að ná fram meiri sjálfbærni.

Áætlunin skapar ramma utan um starf okkar með birgjum til að bæta árangur og ná fram langtímaverkefnum Alcoa er snerta og varða:

1. Loftslagsvernd;
2. Skilvirka vatnsnotkun;
3. Lágörkun úrgangs;
4. Vernd líffræðilegrar fjölbreytni og enduruppbyggingu námasvæða;
5. Öryggi og heilsu;
6. Aðgengi allra og mannlegan fjölbreytileika; og
7. Sköpun sameiginlegra gilda.

Meira um langtímamarkmið Alcoa er hægt að finna á vefsíðu okkar um [sjálfbærni](#).

Rammi utan um Verkefnið um sjálfbærni handa birgjum:



Mat á aðfangakeðju og þeim hráefnum sem byggja upp aðfangakeðju gagnvart ESG áhættu vegna stjórnarháttá, mannréttinda, nútíma þrælahalds, félagslegra- og umhverfislegra þátta. Birgjum eru gefin stig og eftirlit haft með þeim samkvæmt gögnum sem eru aðgengileg almenningi, áhættu lands, áhættu varðandi hráefni og spurningarlistum sem lagðir eru fyrir þá.

Endurskoðun til að fylgjast með framkvæmd, áreiðanleika og til að auka gagnsæi - Alcoa leitast við að tryggja aðfangakeðju sína og uppfylla skuldbindingar sínar með því að framkvæma nákvæmar fyrirspurnir og sannprófanir á vettfangi.

Við vinnum með aðfangakeðju okkar og með birgjum í gegnum úrbótaáætlanir, með því að setja markmið varðandi skilvirkni og þróa stefnumótandi samstarf til að stjórna áhættu og skapa langtíma gildi.

Að hjálpa við að hafa yfirumsjón með verkefni birgja um sjálfbærni, getur Alcoa beðið lykilorðir um að klára og viðhalda mati sem alþjóðlega viðurkenndir þriðju aðilar framkvæma á skipulagi fyrirtækja birgja, viðskipta o.s.frv., sem inniheldur að lágmarki almenna áreiðanleikakönnun ásamt eftirfylgni og gögnum um sjálfbærni. Birgjar sem þessi skilyrði lúta að verða upplýstir um þessi skilyrði.

Alcoa hvetur alla birgja um að taka þátt í verkefni um sjálfbærni fyrir birgja á opinn og gagnsæjan þátt. Fyrirtækið vill að birgjar séu jákvæðir gagnvart markmiði Alcoa um að bæta skilvirkni og gangi í lið með Alcoa við að *auka sjálfbærni*.

Hafðu samband - Að tilkynna áhyggjur

Gildi Alcoa um heiðarleika skulu allsstaðar vera ríkjandi viðmið fyrirtækisins. Verkefni okkar um siðfræði og siðareglur fyrirtækisins er það tæki sem við notum til að standa við loforð okkar dag hvern við sérhverja ákvörðun sem við tökum. Við treystum því og búumst við því að þið, sem birgjar okkar, gerið hið sama.

Til að tilkynna um starfsemi eða áhyggjur (þ.m.t. grun um brot á lögum eða þessum stöðlum) er hægt að hafa samband við Alcoa Integrity Line – Heiðarleikalínuna sem er trúnaðarþjónusta, í boði fyrir alla starfsmenn, birgja og almenning, allan sólarhringinn, 7 daga vikunnar á fjölda tungumála.

Þú getur fengið aðgang að Heiðarleikalínunni - Integrity Line í gegnum [Siðfræði og siðareglu](#) síðu Alcoa.com.

Fyrir almennar fyrirspurnir varðandi staðla Alcoa handa birgjum sínum, vinsamlegast hafið samband við SupplierSustainability@alcoa.com

Hafðu samband - Almennar fyrirspurnir

Til að hafa samband við okkur eða fá frekari upplýsingar varðandi Alcoa vinsamlegast heimsækið [Hafðu samband](#) síðuna á Alcoa.com.

Fyrir almennar fyrirspurnir varðandi staðla Alcoa handa birgjum sínum, vinsamlegast sendið tölvupóst á SupplierSustainability@alcoa.com.

Bright Alumina, Kwinana Ástralía

